

3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir: Fyrsta greiðsla, sem nemur 40% gjaldsins, greiðist er varanlegt slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu. Eftirstöðvar skulu greiðast með 2 jöfnum afborgunum á næstu tveimur árum og skal dagsetning gjalddaga vera sú sama og fyrstu greiðslu.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrr en gangstétt er fullfrágengin.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvila og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki samkv. lögum nr. 29/1885.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51 16. maí 1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Garðahrepps.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar (frá 12. jan. 1961 með breyt. 4. maí 1972) orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Garðahrepps, sem svo er ástatt um sem getur í 1. gr. gjaldskrár þessarar, skal greiða árlegan vatnsskatt, sem nemur 0.4% af fasteignamati húss og lóðar (fasteignamat 1969/1970). Þó skal aldrei greiða minna en kr. 1 500.00 af hverri íbúð.

Hús þau, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum, skulu greiða vatnsskatt samkvæmt mæli eða áætlaðri notkun kr. 7.40 á hvern rúmmetra vatns.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Garðahrepps, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 skal vera 15. febrúar.

Félagsmálaráðuneytið, 21. janúar 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.